

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Bakka 1, Ölfusi



Dags eftirlits	25.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Bakka 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Heiðdal	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Lind Guðmundsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti: 1) Útreikningi vegna niturlosunar var ekki skilað inn í ársyfirlitinu. Umhverfisstofnun hafa borist niðurstöðurnar og telst því frávíki lokað. 2) Munur á sýrustigi frá inntaki og í útrás var 0,8 í sýnatökum sem framkvæmdar voru 30. maí 2023 og 4. september 2023 en munurinn má ekki vera meiri en 0,5. 3) Ammóníak var yfir mörkum í sýnatöku sem framkvæmd var 30. maí 2023 eða 0,4mg/L og 0,29-0,58 mg/L í sýnatöku sem framkvæmd var 4. september 2023. Leyfileg mörk í starfsleyfinu eru 0,025mg/L.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða landeldisstöð þar sem hámarkslífmassi má ekki fara yfir 100 tonn á hverjum tíma.

Viðstödd eftirlitið voru Rafn Heiðdal og Eva Lind Guðmundsdóttir fyrir hönd rekstraraðila og Sigríður Kristinsdóttir og Auður Eyberg Helgadóttir fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning

1. Fjögur frávík komu fram í eftirliti árið 2022 er varða: 1) Í viðtaka frárennslis var eingöngu framkvæmd ein sýnataka og mæling árið 2022. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila frá 4. september 2023 hafði ein mæling verið framkvæmd á árinu og átti að fylgjast með því hvenær lágmarksvöxtur yrði árið 2023. Tvær mælingar voru framkvæmdar árið 2023. Er frávíkinu því lokað. 2) Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 3. maí og hefur því verið lokað 3) Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 3. maí og hefur því verið lokað. 4) Losun heildarfosfórs var yfir mörkum starfsleyfis og aukning á svifögnum í frárennslis er yfir mörkum starfsleyfis. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að taka sýni hvern fjórðung ársins þar sem fosfór og TS á að mæla frá fiskimykju og skrá. Samkvæmt fulltrúum rekstraraðila hafa niðurstöður þessara mælinga ekki skilað sér til rekstraraðila og er frávíkinu því enn opið.

- Áhættumat var kynnt fyrir fulltrúum rekstraraðila.
- Rekstraraðili er með umhverfisstefnu sem er staðfesting á vilja fyrirtækisins til að stunda ábyrga og sjálfbæra starfsem. Mesti lífmassi árið 2023 var 64,1 tonn og var því framleiðslan undir leyfilegum hámarks lífmassa.
- Niðurstöða útreikninga á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var að losun hafi verið 8,3 kg P/tonn sem er yfir leyfilegum mörkum en samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi má losun fosfórs í

viðtaka ekki fara yfir 7 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Út frá sýnatöku eftir tromlusíu reiknast losun 4,3 kg/tonn 30. maí 2023 og 4,2 kg /tonn 4.9.2023 sem er undir leyfilegum mörkum starfsleyfis. Styrkur ammóníaks í frárennsli mældist yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. maí 2023 og 4. september 2023 en styrkur NH₃ má ekki vera yfir 0,025 mg/L. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var 0,8 í mælingum sem framkvæmdar voru 30. maí og 4. september 2023, munurinn má vera mestur 0,5 skv. starfsleyfi og er munurinn því yfir leyfilegum mörkum.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er til staðar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar.

6. Útisvæðið var snyrtilegt. Miklar framkvæmdir hafa verið á svæðinu og búið er að byggja yfir eldiskerin sem voru úti á svæðinu. Verið er að byggja nýjar skrifstofur og starfsmannaaðstöðu. Verið var að steypa fyrir seinni hreinsbúnaðinn sem á að setja upp til að auka hreinsunina á frárennslinu.

7. Efni eru geymd í læstri geymslu. Öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu og hurð inn í geymsluna viðunandi merkt.

8. Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að herra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðað.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.4 í starfsleyfi.

Rekstraraðila ber að skila inn niðurstöðum mælinga á losun niturs í ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

gr. 3.4 í starfsleyfi.

Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. maí 2023 og 4. september 2023.

gr. 3.4 í starfsleyfi.

Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. maí 2023 og 4. september 2023.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. Annars vegar ber rekstraraðila að skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum úr sýnatökumælingum frá frárennsli þegar þær berast rekstraraðila. Hins vegar var rekstraraðila bent á að reikna út fosfór- og niturlosun út frá sýnatökum og skila inn í ársyfirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp voru árið 2023 en ein kvörtun var skráð hjá rekstraraðila og tengist hún ágengi fugla við frárennslið síðasta haust. Og er rekstraraðili að vinna í þeirri kvörtun með að setja annan hreinsibúnað og breyta rörum í hreinsibúnaði sem fyrir er.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.08.2024

Sigr. Keistinsd

Sigríður Kristinsdóttir

